

Nefndasvið Alþingis — Umhverfis- og samgöngunefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
[nefnadasvid@althingi.is](mailto:nefnadasvid@althingi.is)

Dags. 1.2.2013  
Tilv. 5618-0-0005  
Mál 2013-18  
0.5

Með erindi dags. 17. janúar sl. óskaði nefndasvið Alþingis eftir umsögn Veðurstofu Íslands um frumvarp til laga um náttúruvernd (heildarlög) (þingskjal 537 - 429. mál).

Umsögn Veðurstofunnar er sem hér segir:

Veðurstofan telur að gefa megi þeim áherslum meiri þunga er varða vernd náttúru og vistkerfa til að ná þeim markmiðum sem kveðið er á um í 2. gr. frumvarpsins. Skýra þarf nánar hvernig vernda á vistheildir, t.d. fjölbreytileika vistkerfa, s.s. stöðuvötn, árfarvegi o.s.frv. Takmarkaðar meginlínur virðast lagðar hvað þetta varðar, en um þetta fjalla 2. og 3. gr. Mun ítarlegar er fjallað um meginreglur, stjórn náttúruverndarmála og almannarétt, útivist og umgengni. Sem dæmi má nefna að þrettán greinar frumvarpsins fjalla um almannarétt, útivist og umgengni. Nokkuð kemur á óvart að einungis tvær greinar fjalla um verndunarmarkmið, en gera mætti betur grein fyrir hvernig ná mætti þeim markmiðum.

Eins og bent er á hér að ofan er þó nokkur áhersla lögð á rétt almennings til að njóta náttúrunnar, sbr. upptalningu í stafliðum a-c í 1. gr., en hún fjallar um markmið laganna. Æskilegt væri að vernd vistkerfa og takmörkun á röskun þeirra fengi jafn ítarlega umfjöllun. Þetta á sérstaklega við svæði sem eru utan verndarsvæða.

Veðurstofan leggur áherslu á að skýrar komi fram mikilvægi þess að vernda vatnsfarvegi og stöðuvötn, bæði heildstætt og sem landslagseinkenni. Þetta mætti t.d. setja fram í 3. gr. á sambærilegan hátt og kveðið er á um vernd jarðmyndana. Ekki kemur nógu skýrt fram í frumvarpinu að stuðlað sé að vernd farvega og stöðuvatnsheilda.


Í 56. gr. er fjallað um vernd bakkagróðurs. Óljóst er hvað er átt við með hugtakinu *bakkagróður*. Væntanlega er verið að tala um landplöntur á árbakka fremur en vatnplöntur við árbakka. Þetta mætti skýra betur. Mikilvægt er að skýra nánar í þessari grein hvernig og hvers vegna lögð er áhersla á verndun vistkerfa við árbakka og afmarka verndarmörk eins og kostur er. Eitt af meginmarkmiðum laga um náttúruvernd að leggja grunn að vernd vatns. Þekkt er að vistkerfi árbakka eru nauðsynleg varnarsvæði (*buffer zones*) sem takmarka óbeina losun, s.s. næringarefna, í viðkomandi vatn. Slíkt er hefur meira að segja fyrir náttúruvernd en það að tryggja rétt manna til afnota af vatnsbökkum.

Víðerni eru ekki skilgreind í 5. gr. frumvarpsins um skilgreiningar. Mikilvægt er að skilgreina hvernig það hugtak er notað í þessum lögum, en fram hefur komið nokkur áherslumunur um skilning og notkun þess.

Skilgreina mætti álag í 5. gr. og hvernig það hugtak er notað í frumvarpinu. Í því sambandi má vísa til þess hvernig álag er skilgreint í lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011 og reglugerðum þar að lútandi. Þannig yrði álag skilgreint sem möguleg eðlis- og efnafræðileg mengun, breyting á landfræðilegum og formfræðilegum eiginleikum, sem og landsnyttjar sem hafi áhrif á íslenskt náttúrufar.

Skilgreininguna á landslagi í 5. gr., tl. 10, þyrfti að skýra og afmarka mun betur. Í frumvarpinu hefur hún því miður ekki þann styrk sem hún nauðsynlega þarf, m.a. til að stuðla að landslagsvernd og taka á álitamálum sem upp kynnu að koma.

Virðingarfyllt

  
Árni Snorrason, forstjóri VÍ